

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Byggðarhorn, búgarðar, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2022 áform um breytingu sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð íbúðar og landbúnaðar, svokallaðri búgarðabyggð. Breyting þessi stuðlar að áframhaldandi uppbyggingu íbúðarbyggðar í Byggðarhorni, með stórum íbúðarlóðum. Lóðarstærðir samræmast viðmiðum sem fram koma í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar. Deiliskipulagsbreytingin nær til sjö lóða, nr. 5, 9, 13, 15, 17, 19 og 50. Lóðum 5, 9 og 13 er skipt upp í 3 lóðir og lóðum 15, 17, 19 og 50 er skipt upp í 2 lóðir. Heimilt er að byggja eitt íbúðarhús á hverri lóð eftir breytingu. Fyrir breytingu var fjöldi íbúðarhúsa á þessum lóðum samtals 14 talsins en verður eftir breytingu 17 talsins og fjölga því um 3 hús. Á öðrum lóðum haldast ákvæði óbreytt um fjölda íbúðarhúsa á hverri lóð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 21. september 2022.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 5. október 2022